

Rarik  
Larsenstræti 4  
800 Selfoss

Reykjavík, 16. október 2024  
UST202409-298/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Rarik, dagsett, 29. september 2024, um leyfi til framkvæmda innan Landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal og náttúruvættisins við Hjálparfoss.

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningu innan verndarsvæðisins. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands.

Landslagsverndarsvæði Þjórsárdal er friðlýst sbr. auglýsingu nr 110/2020. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Til að tryggja vernd jarðminja á svæðinu er óheimilt að hrófla við, raska, eða skemma jarðminjar á friðlýsta svæðinu. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands. Framkvæmdir, s.s. uppbygging bílastæða, göngustíga og áningarstaða skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun svæðisins og öryggi gesta.

Samkvæmt a. lið. 2 mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta gervigígar sérstakrar verndar. Samkvæmt 3. mgr. 61. gr ber að forðast að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag eða eftir atvikum staðfest raflínuskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir plægingu jarðstrengs frá mörkum hins friðlýsta svæðis að vestan að mörkum svæðisins að sunnan við Hjálparfoss. Kort sem sýnir fyrihugaða leið strengsins fylgdi með umsókn. Plægt yrði meðfram vegi. Við Þjórsárdalsveg yrði plægt norðan hans

og vestan Hjálparvegjar. Beltagrafa verður notuð við plæginguna og vandað verður til verks. Farið verður yfir plógfar til að jafna og loka. Að verkinu kæmu 5 starfsmenn og áætlaður verktími yrði 2-3 vikur og farið yrði í framkvæmdina þegar leyfi fæst.

### **Umsagnir:**

Í samræmi við 13. gr. auglýsingar um nr. 110/2020 um friðlýsingu svæðisins óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Minjastofnunar þann 30. september 2024 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Minjastofnunar barst þann 3. október 2024. Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að engar fornleifar voru skráðar á eða í nágrenni þess svæðis þar sem strengurinn á að liggja og sýnt er á loftmynd sem fylgdi umsagnarbeiðninni. Heimildir eru til um að svokölluð Tíðargata hafi legið nokkru vestar innan svæðisins sem fellur undir friðlýsta menningarlandslagið. Eins og fram kemur í fornleifaskráningarskýrslunni sjást engin ummerki umræddrar götu á vettvangi.

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við að háspennustrengur verði lagður innan svæðisins sem friðlýst hefur verið sem menningarlandslag í Þjórsárdal enda liggja strengurinn í vegköntum á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæmda vettvangskönnun umsvifarlaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnunin i er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 8. október 2024 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 14. október 2024. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að hún hefur farið yfir erindið og telur jákvætt að í framhaldi af lagningu jarðstrengs verði loftlínur fjarlægðar úr dalnum. Jarðstrengurinn mun fylgja núverandi vegum, Þjórsárdalsvegi og veginum að Hjálparfossi, en ekki kemur fram fjarlægð lagningar frá vegi. Innan svæðisins eru gervígígar sem hafa alþjóðlegt mikilvægi og njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) um sérstaka vernd náttúruminja. Sumir gervígígar eru einungis í 10-15 m fjarlægð frá vegbrún og því er full þörf á að sýna varkárni í lagningu jarðstrengsins. Minni hætta er á að gervígígar verði fyrir raski við lagningu jarðstrengsins sunnan við Þjórsárdalsveg heldur en norðan við hann.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að leyfi verði veitt sé þess gætt að valda ekki raski á gervígígum sem hafa hátt verndargildi og njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufræðisins til lengri tíma lítið sé farið að skilyrðum leyfisins. Sé vel gengið frá skurðgreftinum er hægt að tryggja að sýnilegt rask af völdum framkvæmdarinnar sé einungis tímabundið. Staðbundinn sandur og vikur mun fljótt setjast yfir raskið og afmá það. Til þess að það gerist þarf þó að tryggja að ekki sé skilið eftir við skurðinn með þeim hætti að það tefji eða komi í veg fyrir endurheimt á náttúrulegri ásýnd. Framkvæmdin mun

mögulega hafa truflandi áhrif á gesti svæðsins en áhrifin væru eingöngu rétt á meðan framkvæmd stæði yfir. Á þeim tíma sem framkvæmdin færi fram á heimsækja færri svæðið.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Rarik fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan landslagsverndarsvæðisins Þjórsádal og náttúruvættisins Hjálparfoss sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnutækjumað og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Ganga skal frá yfirborði skurðar þannig að hann sé þakinn sama yfirborðsefni og áður. Ef stór grjót koma upp úr skurðinum skulu þau ekki skilin eftir á yfirborði, heldur falin undir sandinum aftur.
- Óheimilt er að raska gervígum á svæðinu. Amk einn slíkur er frekar nálægt verkstað, norðan vegarskammt vestan við afleggjarann að Hjálparfossi. Óheimilt er að brjóta gíginn eða aka utan í hann og þarf að gæta þess sérstaklega.
- Tryggja þarf að verktaki á staðnum sé meðvitaður um staðsetningu gervíga á verkstað og sé meðvitaður um að þá skuli hlífa í einu og öllu.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Framkvæmdarvæðið er innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

Daníel Freyr Jónsson  
**sérfræðingur**